

Samgöngunefnd SSA

Þriðji fundur samgöngunefndar starfsárið 2017 – 2018 haldinn 22. mars 2018 í Vonarlandi.

Mættir eru: Einar Már Sigurðarson, Gunnlaugur Stefánsson, Þorbjörg Sandholt, Eyjólfur Sigurðsson, Lárus Heiðarsson, Sigrún Blöndal varamaður Önnu Alexandersdóttur, Elfa Hlín Pétursdóttir varamaður Vilhjálms Jónssonar og Helgi Hlynur Ásgrímsson varamaður Jakobs Sigurðssonar. Jóney Jónsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála ritar fundargerð.

Einar Már Sigurðarson, formaður setur fundinn. Gengið er til dagskrár.

1. Fundargerð annars fundar samgöngunefndar frá 22. febrúar 2018 var lögð fram til samþykktar.
2. Formaður SSA, Sigrún Blöndal, ræddi um afstöðu stjórnar SSA til áskorunar frá fundi samgöngunefndar þann 22. febrúar sl. sem hljóðar svo: „Nefndin skorar á stjórn SSA að skipaður verði starfshópur með Þingeyingum til að tryggja framgang málsins og að framkvæmdum verði sem fyrst“. Ákveðið er að málið verði rætt frekar á næsta fundi og formanni falið að skýra málið á fundi stjórnar SSA.
3. Skarphéðinn Smári Þórhallsson kynnti svæðisskipulag Austurlands og skapalón að mati vega sem verið er að vinna að. Hann mun halda áfram með verkefnið.
4. Önnur mál.
 - a. Einar Már sagði frá fundi samgönguráðs samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis með stjórn SSA og formanni og varaformanni samgöngunefndar ásamt fulltrúa frá bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar og sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps sem haldinn var 8. mars sl.
 - b. Verkefnisstjóra er falið að finna hentugan fundartíma fyrir næsta fund.

Fleira er ekki rætt. Fundi slitið kl. 16:30.

Einar Már Sigurðarson

Gunnlaugur Stefánsson

Þorbjörg Sandholt

Lárus Heiðarsson

Elfa Hlín Pétursdóttir

Sigrún Blöndal

Eyjólfur Sigurðsson

Helgi Hlynur Ásgrímsson